

Rannsóknir á flúor
í náttúru Íslands
- samantekt heimilda -

Helena Marta Stefánsdóttir

Rannsóknir á flúor
í náttúru Íslands
- samantekt heimilda -

Helena Marta Stefánsdóttir

Verkefnið var fjármagnað af Norðuráli

Febrúar 2016
Landbúnaðarháskóli Íslands,

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2
2. Hvað er flúor?	3
3. Uppspretta flúors	3
4. Flúormengun af völdum eldgosa á Íslandi.....	4
5. Flúormengun fylgjandi álframleiðslu.....	5
6. Flúor í jarðvegi	7
7. Almenn áhrif flúors á plöntur	7
8. Áhrif flúors á dýr.....	10
9. Rannsóknir á flúor	12
9.1. Fléttur:.....	12
9.2. Mosi.....	12
9.3. Gras, hey:.....	12
9.4. Tré:	13
9.4.1. Birki:.....	13
9.4.2. Fura:.....	13
9.4.3. Reynir:.....	13
9.4.4. Greni:	13
9.5. Dýr:.....	14
9.5.1. Sauðfé:.....	14
9.5.2. Nautgripir:.....	15
9.5.3. Hestar:	15
9.5.4. Hreindýr:.....	15
9.5.5. Kettir:.....	15
9.5.6. Hvalir:.....	15
9.5.7. Kjúklingar:.....	15
10. Heimildaskrá:.....	16
Viðauki	17

1. Inngangur


Þetta rit er samantekt á þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á áhrifum flúors á lífríki Íslands. Athuganir á magni flúors í umhverfinu og í ýmsum lífverum hafa verið gerðar reglulega í kjölfar eldgosa og í umhverfi álvera sem reist hafa verið hér á landi síðastliðna áratugi. Þetta rit stiklar á stóru í niðurstöðum á þessum rannsóknum en er einnig samantekt á heimildum sem fjalla um rannsóknir á flúor í umhverfinu og er ætlað að auðvelda frekari rannsóknir, úrvinnslu og heimildavinnu í verkefnum sem tengjast flúorrannsóknum hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Þetta er því lifandi gagnagrunnur sem hægt er að bæta við eftir því sem á líður og fleiri heimildir líta dagsins ljós. Ritið er því engan veginn tæmandi fyrir þá vitneskju sem til er í heiminum yfir rannsóknir á flúor í náttúrunni og í lífríki Íslands.

Flúor finnst víða í náttúrunni, í jarðvegi, plöntum og dýrum. Það er talið vera nauðsynlegt ýmsum lífverum en aðeins í litlu magni (Cronin, Manoharan, Hedley, & Loganathan, 2000). Þegar styrkur þess í vefjum lífveru fer upp fyrir ákveðin mörk, sem eru misjöfn eftir tegundum, veldur það eitrunaráhrifum. Það er misjafnt eftir heimshlutum og aðstæðum á hverjum stað hver helsta uppspretta flúors er í umhverfinu en það getur verið í grunnvatni (Indlandi, Ástralíu og Afríku), í ryki frá veðrun kletta og grjóts (Afríka) eða vegna eldgosa og öskufalls sem þeim fylgja (Íslandi) (Cronin et al., 2000). Á Íslandi eru flúoreitranir af völdum eldgosa þekktar frá örófi alda og er fyrst til þess vitnað í skrifum frá 1693 þegar Oddur Eiríksson og Benedikt Pétursson lýstu tannskemmdum í búfénaði og tengdu þær við öskufall úr eldgosu í Heklu það sama ár (Fridriksson, 1983). Með auknum umsvifum mannsins á jörðinni hafa áhrifasvæði flúors í heiminum stækkað. Með aukinni stóriðju, svo sem framleiðslu áburðar, áls, stáls, múrsteina og glers hefur flúormengun aukist til muna (Cronin et al., 2000; Weinstein & Davison, 2004). Nýjum stóriðjuframkvæmdum héraendis, eða áformum um þær, fylgir óvissa um áhrif mengunar á lífríkið. Mikilvægt er að kanna hver staða flúors er í lífríkinu á landsvísu, óháð því hver uppspretta flúorsins er. Til þess að hægt sé að meta áhrifin af breytingum, t.d. með aukinni stóriðju eða miklu öskufalli í kjölfar eldgoss, eru á náttúruna þarf að vita hver upphafspunkturinn er. Einnig er mikilvægt að vita hver þolmörk hinna ýmsu tegunda í náttúru Íslands eru gagnvart flúor svo hægt sé að gera ráðstafanir til að forðast eitranir af völdum aukins magns flúors í náttúrunni. Með þessari stuttu skýrslu er ætlunin að taka saman þær rannsóknir sem gerðar hafa verið hér á landi með tengingu við önnur lönd og hvaða mörk hafa verið sett sem þolmörk hinna ýmsu tegunda í gegnum tíðina. Samantektinni lauk 2012 en skýrslan kemur nú út í ritröð Lbhí.

2. Hvað er flúor?

Flúor er níunda frumefnið í lotukerfinu og er táknað með tölustafnum F. Hreint flúorgas hefur daufgulan lit og er það þá yfirleitt tvö flúoratóm sem bindast saman, F₂. Flúor flokkast sem halógeni og er það léttast efna í þeim flokki. Flúor er mjög hvarfgjarnt frumefni og mjög neikvætt hlaðið og á því auðvelt með að bindast flestum öðrum efnum (öllum nema súrefni og nitri). Af þessum ástæðum finnst það ekki sjálfstætt í umhverfinu heldur er bundið öðrum efnisatómum. Flúor bundið vetni (HF) er mjög algengt form flúors og er það á þessu formi mikið notað í iðnaði. HF er litlaust efni eða rjúkandi vökvi (sýra) og mjög ertandi. Lykt finnst af efninu í styrkleikanum 30-130 µg/m³.


Periodic Table of the Elements																	
1																	2
3	4											9	10				
11	12											17	18				
19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31	32	33	34	35	36
37	38	39	40	41	42	43	44	45	46	47	48	49	50	51	52	53	54
55	56	57	58	59	60	61	62	63	64	65	66	67	68	69	70	71	
87	88	89	90	91	92	93	94	95	96	97	98	99	100	101	102	103	



Mynd 1: Staðsetning flúors í lotukerfinu og atómbýgging þess. Punktarnir umhverfis stafinn F tákna dreifingu rafeinda umhverfis kjarna efnisins.

3. Uppspretta flúors

Eftirfarandi samantekt byggir á kafla 1 í (Weinstein & Davison, 2004). Flúor finnst víða í náttúrunni og er talinn vera eitt af 17 algengustu efnum í jarðskorpunni. Mikið er um að flúor sé bundið í steinefnum eða steindum í jarðskorpunni. Meginuppspretta flúors í lífhvolfinu eru yfirborð og útfellingar í grjóti, sem hluti af jarðvegi og í hafinu. Flúor í jarðvegi er til kominn vegna veðrunar á bergi og frá úrgangi örvera, dýra og plantna. Flúor getur einnig borist í jarðveg úr andrúmslofti eða með flóði en slíkar útfellingar aukast ef iðnaður er nálægt. Mun meira er af flúor í jarðvegi sem inniheldur hátt hlutfall leirs en í sendnum jarðvegi. Magn flúors í grunnvatni fer eftir jarðfræði, efnafræði, eðlisfræðilegum einkennum og veðurfari svæðisins. Almennt séð er magn flúors meira í lindum og vatni í brunnum heldur en í yfirborðsvatni stöðuvatna og lækja. Magn flúors er yfirleitt meira í sjó en í ferskvatni. Eldfjöll, jarðsprungur og jarðhitakerfi umhverfis þau eru helsta uppspretta flúors í andrúmsloftinu en skógareldar, brunni á timbri og uppgufun úr sjónum eru einnig mikilvægar uppsprettur. Flúor sem á uppruna sinn í eldfjöllum er í mestum styrk í ákveðnum radíus kringum uppsprettuna en minnkar hratt þegar lengra er farið frá henni. Magn flúors í andrúmsloftinu hefur aukist mikið eftir að maðurinn hóf hina ýmsu iðnaðarframleiðslu. Helsta uppspretta flúors í andrúmslofti sem rekja má til iðnaðar eru: 1) framleiðsla áburðar, 2) álbræðsla, 3) bensínframleiðsla, 4) framleiðsla og meðhöndlun glers, 5) framleiðsla múrsteina, flísa, sements og leirmuna, 6) járn- og stál framleiðsla og 7) kolabruni.



Mynd 2: Uppspretta, flutningur og hreyfing flúors í umhverfinu (endurunnin eftir (Weinstein & Davison, 2004))

4. Flúormengun af völdum eldgosa á Íslandi

Flúor getur verið í ýmsum efnasamböndum á yfirborði ösku, þau algengustu eru CaF_2 , CaSiF_6 , NaF og AlF_3 . NaF og CaSiF_6 eru fremur auðleysanleg og eru því tekin fyrir upp af lífverum. Flúorsambönd sem eru auðleysanleg berast auðveldlega með vatni í jarðveginn og þar getur hann myndað torleysanleg sambönd við leirsteindir og lífræn efni. Flúor binst fast í íslenskum eldfjallajarðvegi (Andosols) vegna sterkrar bindigetú. Færanleiki flúors er líka misjafn í jarðvegi og er hann meiri í súrum jarðvegi ($\text{pH} < 5$) (efnasamband með kalsíum, CaF_2) en í basískum ($\text{pH} 5.5-7$) (efnasamband við ál, AlF_3).

Dreifing ösku í kjölfar eldgosa er misjöfn eftir umfangi og gerð eldgossins og veðráttu meðan á gosinu stendur. Í Heklugosinu 1970 lagðist aska yfir um 22 þúsund km^2 og var magn ösku um 1-10 tonn á hektara (Sturla Friðriksson, 1981). Í ösku frá þessu gosi var flúormagn hennar fyrsta dag eldgossins um 2000 ppm sunnanlands og 1400 ppm norðanlands af uppleysanlegum flúor. Hálfum mánuði síðar hafði magn flúors í öskunni svo minnkað niður í 1/10 af upphaflegum styrkleika.

Í Heklugosinu 1970 mældist flúor í ösku allt að 2000 ppm en styrkleiki þess minnkaði niður í 1-2% af upphaflegu magni á um 3 vikum (Guðmundur Georgsson, Guðmundur Pétursson, & Páll A. Pálsson, 1981). Gras sem var að hefja vöxt þegar Heklugosið varð 1970 mældist með 1-10 þúsund ppm flúors af þurrefni fyrstu daga gossins. Flúormagnið minnkaði svo ört og hafði lækkað í 1/100 af upphaflegu magni nokkrum mánuðum síðar, en það er svipað og mælst hefur í gróðri á þessum svæðum almennt (Sturla Friðriksson, 1981). Flúor í vatni hefur einnig verið mældur og reyndist magn flúors í pollum vera 4-70 ppm fyrstu vikuna eftir að gosið í Heklu hófst árið 1970. Í rennandi yfirborðsvatni voru svo hæstu flúorgildin um 10 ppm á fyrsta degi eldgossins og lækkuðu svo hratt eftir það (Guðmundur Georgsson et al., 1981). Í Heimaeyjargosinu 1973 barst flúor með ösku yfir lágsveitir Suðurlands um vorið eftir að gosið varð, en flúormagn í ösku að Skammadalshóli í Mýrdal, í febrúar, var 3000 ppm (Einar H Einarsson, 1974). Í Heklugosinu 1980 barst flúor með ösku frá eldstöðvunum og var magn flúor 1500-2000 ppm í finni ösku (Sturla Friðriksson, 1981). Í Heklugosinu 1980 féll aska á um 17 þúsund km^2 svæði og barst askan í norður. Eftir því sem fjær dró eldgosinu varð askan finni og öskulagið þynnra. Tjónið af völdum þess goss var þó mest af völdum vikurs sem lagðist yfir

gróðurlendi Sölvahrauns og nýgræðing á Landmannafrétti og sunnanverðum Gnúpverjafrétti (Sturla Friðriksson, 1981).

Eftir eldgosíð í Eyjafjallajökli árið 2010 voru gerðar rannsóknir á styrkleika flúors í ýmsum gróður- og jarðvegssýnum. Þeir staðir sem sýni voru tekin meðan á eldgosinu stóð voru af tónum við Álftaversafleggjara, Butru, Efri-Ey, Efsta-Grund, Giljur, Hraungerði, Hlíð, Raufarfell, Seljavelli, Seljavallaheiði, Sólheimahjáleigu, Núp, Voðmúlastaði og Þorvaldseyri. Þá kom í ljós að stór hluti þess flúoríðs sem situr á yfirborði öskukorna var ásogaður á yfirborð torleystra járnhýdroxíða og skolast ekki af við fyrstu rigningu og var minnihluti flúorsins á vatnsleysanlegu formi (40%) (Rannveig Anna Guicharnaud, Bergur Sigfússon, & Páll Kolka, 2011). Einnig kom í ljós að jarðvegur undir Eyjafjallajökli bindur flúor helst á yfirborð lífrænna efnasambanda. Mælingar bentu svo til þess að á yfirborði öskunnar var flúor bundinn á yfirborði járnhýdroxíða en þá skolast flúorinn ekki auðveldlega af yfirborðinu nema talsverð breyting verði á sýrustigi vatnsins (Rannveig Anna Guicharnaud et al., 2011). Þar sem jarðvegurinn undir Eyjafjöllum er heldur súr og inniheldur hátt hlutfall lífrænna agna hefur hann mikla bindigetú við flúor og skolast flúorinn því að öllum líkindum hægt út í grunnvatn og því ólíklegt að styrkleiki flúorsins í grunnvatni nái hættulegum gildum. Heildarstyrkur flúors meðan á gosinu stóð fór aldrei yfir 200 mg/kg en það er undir hættumörkum í jarðvegi (Rannveig Anna Guicharnaud et al., 2011).

5. Flúormengun fylgjandi álframleiðslu

Við framleiðslu áls eru notuð áloxíð/súrál (Al_2O_3) sem leyst er upp í bráðnu krýólíti (Na_3AlF_6) í svokölluðum rafgreiningakerum þar sem kolaskaut mynda anóðu og katóðu. Katóðan er kolaklæðning innan á kerjunum en anóðan er kolablokk sem gengur ofan í fljótandi efnið í kerinu. Súrál klofnar í hreint ál (Al) og súrefni (O_2) sem binst kolefni við bruna kolefnisrafskautsins og verður þá CO_2 (Þór Tómasson & Hörður Þormar, 1998). Við framleiðsluna losnar svo flúor úr krýólítinu og gengur í samband við vetni (HF) (Páll A Pálsson, 1995). Ef breyting verður á spennu keranna geta einnig myndast kolflúorsambönd (CF_4 og C_2F_6) sem valda sterkum gróðurhúsaáhrifum. Það er nauðsynlegt að hefta útgufun slíkra efnasambanda út í andrúmsloftið til að koma í veg fyrir dreifingu þessara mengunarefna út í andrúmsloftið.

Miklar rannsóknir hafa verið gerðar á svæðunum í kringum álverin sem reist hafa verið hér á landi (Friðrik Pálmason, Gunnar Guðmundsson, & Jóhannes Sigvaldason, 1985; Hörður Kristinsson, 1998; María Sigurðardóttir, 2012; Páll A Pálsson, 1995; Þór Tómasson & Hörður Þormar, 1998). Einnig hafa álverin kostað umfangsmiklar árlegar vaktanir á mengunarpáttum í nágrenni iðjuveranna og eru margar skýrslur sem hafa komið út síðastliðin ár (Elkem, 2009, 2010; Elkem et al., 2011; Elkem, Yngvadóttir, Gunnarsson, Ingólfssdóttir, & Höskuldsson, 2012; Hönnun, 2003, 2004, 2005). Í þeim skýrslum hefur komið fram að

- Andrúmsloft: loftgæðamælingar á Stekkjarási árið 2008 undir viðmiðunarmörkum og ársmeðaltal heildarflúors hærra 2008 en árið á undan. Árin 2009, 2010 og 2011 voru mælingarnar einnig undir viðmiðunarmörkum.
- Úrkoma: ársmeðaltal flúors í úrkomu lægra 2008 en árið áður en svipaður og komandi ár, 2009, 2010 og 2011.

- Gras: meðaltal flúors í grasi voru árin 2008-2011, innan marka sem talin eru þolmörk gagnvart flúor í vef og innan þeirra marka sem talin eru vera þolmörk sauðfjár gagnvart flúor í fóðri (30 µg/g). Árið 2010 mældist marktækt hærri styrkur í grasinu miðað við styrk sem mældur var 1997.
- Lauf: Meðaltöl flúors í laufi birkis og reyndist innan þeirra marka sem talin eru vera þolmörk lauftrjáa gagnvart flúor í vef miðað við mælingar árin 2008-2011. Styrkur flúors í laufinu árið 2009 var marktækt hærri en mælt hafði árið 1997.
- Barr: meðalstyrkur flúors í tveggja ára barri mældist hærri árið 2008 en árið á undan. Marktæk hærri styrkur flúors mældist árið 2010 en 1997 í eins árs barri norðan Hvalfjarðar.
- Sauðfé:
 - lömb: styrkur flúors í lömbum var lægra árið 2008 en haustið á undan og minni breytileiki í mæligildum og vöru öll mæligildi í lömbum undir þeim mörkum sem hætta er talin vera á tannskemmdum (miðað við norska rannsókn á dádýrum). Árin 2009-2011 var styrkur flúors undir þeim mörkum sem talin eru valda hættu á tannskemmdum hjá fénu. Árið 2010 var hins vegar meðalstyrkur flúors í kjálkum lambanna marktækt hærri en mældist árið 1997 og marktækt lægra en mældist árið 2007.
 - eldra fé: meðaltal flúors í kjálkum kinda var yfir mörkum þar sem hætta er talin vera á tannskemmdum í eldra fé frá fjórum bæjanna sem rannsakaðir voru. Flúor í kjálkum var yfir mörkum sem talin eru vera þolmörk gagnvart flúor í fóðri. Mælingar á nokkrum kindum sem sýndu vott af flúormengunareinkennum á tönnum voru 2700-2950 µg/g. Árið 2009 mældist styrkur flúors í sex kindum yfir þolmörkum grasbíta. Þetta orsakaði breytingar í framtönnum en flúorskaðinn á tönnum hefur ekki verið staðfestur. Árið 2010 mældist meðalstyrkur flúors í beinösku kinda yfir mörkum sem talin eru orsaka tannskemmdir. Skoðun dýralæknis á kjálkum og tönnum fjárs sýndi slit á tönnum, upplitun og tannlos hjá fullorðnu fé. Einnig var þá nokkur rýrnun beina og þykkun í kjálkabeini en var ekki metið sem greinilegt samband til flúormagns í beinum. Árið 2011 mældist styrkur flúors í kjálkabeinum fullorðins fjár einnig yfir mörkum sem talin eru valda tannskemmdum (í dádýrum í Noregi). Skoðun dýralæknis leiddi hins vegar í ljós að ekki var greinilegt samband á milli tannheilsu og styrk flúors í kjálkabeinum gripanna.
- Ferskvatn: Styrkur flúoríðs í Urriðaá sýndi litla breytingu frá árinu áður og hefur ávalt mælt innan leyfilegs hámarksstyrks í neysluvatni árin 2008-2011 (1500 µg/l í reglugerð nr. 319/1995).
- Hross: rannsóknir árið 2011 gáfu ekki til kynna vísbendingar um að veikindi hrossa á bænum Kúludalsá í Hvalfirði mætti rekja til flúormengunar eða þungmálma frá iðjuverunum á Grundartanga.

Mengunarmælingar á Hvaleyrarholti sem gerðar voru 1994-1995 sýndu að magn flúors í ryki var að meðaltali 0,05 µg/m³, hámarksflúoríð var um 0,09 µg/m³ sem er allt undir viðmiðunarmörkum (0,3 µg/m³) (Þór Tómasson & Hörður Þormar, 1998).

6. Flúor í jarðvegi

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á magni flúors í jarðvegi hér á landi. Flúor berst í jarðveg eftir þremur leiðum: með því að skolast af yfirborði ösku með úrkomu, að setjast á yfirborð jarðvegs sem þurr ákoma (dry deposition) eða með flúormenguðum plöntuleifum. Þegar flúor hefur borist í jarðveginn er færanleiki hans misjafn eftir eðliseiginleikum jarðvegsins. Magn leirsteinda og lífræns efnis skiptir miklu máli varðandi það hve vel jarðvegurinn heldur í flúorinn. Flúor getur einnig verið vatnsleysanlegur og skolast þar með auðveldlega um jarðvegslög í grunnvatn eða er tekinn upp af plöntum (Rannveig Anna Guicharnaud et al., 2011)

Flúor finnst náttúrulega í jarðvegi á mismunandi formum, t.d. í steindum eins og apatít ($\text{Ca}_5(\text{PO}_4)_3\text{F}$), flúorít (CaF_2), cryolite (Na_3AlF_6) og tópas ($\text{Al}_2(\text{SiO}_4)\text{F}_2$) en einnig bundinn í ýmsum leirsteindum (Cronin et al., 2000).

Flúor getur almennt bundist mjög fast í eldfjallajarðvegi (Andosols) þar sem bindigeta hans er mjög sterk (Delmelle, Delfosse, & Delvaux, 2003)

Sýrustig í jarðvegi skiptir miklu máli varðandi færanleika flúors í jarðveginum (Wenzel & Blum, 1992). Þegar sýrustigið í jarðveginum er hátt (pH 5,5-7) gengur flúor yfirleitt í samband við kalsíum (CaF_2) og er leysni flúors þá mjög lítil, og minnst við sýrustig 7 (Arnesen, 1997). Þegar sýrustig jarðvegsins er undir 5 (<pH 5) gengur flúor í efnasamband við ál (AlF_3) en í því efnasambandi er leysni og færanleiki flúors í jarðvegi töluverður (Wenzel & Blum, 1992).

Með ákveðnum aðferðum er hægt að greina hvernig flúor er bundinn í jarðvegi. Með því að skola jarðvegssýni með oxalati má mæla flúor bundið í ferrihýdríti og allófani og með því að skola með pýrófosfatlausn má finna magn þess flúors sem bundið er í lífrænum efnasamböndum (Rannveig Anna Guicharnaud et al., 2011)

Mælingar sem gerðar voru á magni flúors í jarðvegi í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli 2010 sýndu að flúor var yfirleitt bundinn lífrænum efnasamböndum en hann fannst einnig bundinn allófansteindum og járnhýdroxíðum. Þar sem jarðvegur er sendinn virtist flúor vera að mestu vatnsleysanlegur.

7. Almenn áhrif flúors á plöntur

Upptaka flúors:

Flúor er ekki talinn nauðsynlegur plöntum og ef mikill flúor berst í plöntur geta áhrif hans verið skaðleg fyrir plöntuna (Sturla Friðriksson, 1971). Magn flúors í grasi fylgir breytingum á flúormagni í lofti (Friðrik Pálmason et al., 1985). Plöntur taka upp flúor í lofti um varaopin á blöðum plantnanna en einnig í gegnum yfirhúð þeirra og eru dæmi um að plöntur taki á nóttunni upp allt að 40% þess magns flúors sem plantan tekur upp að degi til, þegar varaopin eru opin (Friðrik Pálmason et al., 1985). Plöntur taka einnig upp flúor um rætur sem skiptir yfirleitt minna máli í heildarupptökunni nema þeim mun meira magn sé af leysanlegum flúor í jarðveginum (Friðrik Pálmason et al., 1985). Þegar plöntur taka upp flúor um rætur er flúorið yfirleitt í sambandi við ál, AlF_3 , þar sem sýrustig í kringum ræturnar er lægra en jarðvegur umhverfis plöntuna (Lavelle & Spain, 2005). Við lækandi sýrustig verður flúorsambandið meira færanlegt og því aðgengilegra til upptöku og því eykst upptaka plöntunnar. Flúor getur einnig aukið leysni áls í jarðveginum en með aukinni leysni áls tekur plantan meira upp af áli (Arnesen, 1997) sem getur haft áhrif á katjónaupptöku í rótum, sem veldur minnkun á upptöku næringarefna í plöntunni (Lavelle & Spain, 2005). Það er einkum tvennt sem hefur áhrif á

lækkun á magni flúors í gróðri: úrkoma og spretta. Í úrkomu skolast flúor af gróðrinum og ef grasspretta er góð þynnist flúor sem plönturnar hafa tekið upp mjög hratt í aukinni uppskeru (Guðni Þorvaldsson, Rannveig Guicharnaud, & Margrét Ingjaldsdóttir, 2011). Samband flúors í plöntum við tímalengd mengunar var háð styrk flúors í lofti og því hvort mengunin var samfelld eða rofin með hléum (Friðrik Pálmason et al., 1985). Hraði flúorsöfnunar fer minnkandi með þroska plantna og góð vaxtarskilyrði draga úr hraða flúorupptöku (Friðrik Pálmason et al., 1985). Hægfara flúoreitrun kemur fram hjá plöntum með gulnun blaða, annað hvort koma fram grængulir blettir eða blöðin blikna alveg. Oft kemur eitrunin til með að draga úr vexti (Friðrik Pálmason et al., 1985). Bráð flúoreitrun birtist hins vegar í næringarskorti af ýmsu tagi og kemur fram sem gulnun, visnun, blaðdrep eða afskræmdur vöxtur (Friðrik Pálmason et al., 1985). Gott er að hafa einhverjar einkennistegundir til að fylgjast með flúoreitrunum, það er plöntur sem eru næmari en margar aðrar fyrir þessum þáttum. Sem dæmi um plöntur sem eru mjög næmar fyrir flúormengun eru garðalúpínur, garðanellikur og þrenningarfjólur en einnig ýmsar garðaplöntur (Friðrik Pálmason et al., 1985). Við flúormengun yfir ákveðin mörk, geta orðið skemmdir á blöðum plantnanna sem rýra gildi skrautjurta og grænmetis, hvort sem skemmdirnar draga úr vexti og uppskeru eða ekki. Í rannsókn sem gerð var í Þýskalandi (Guderian, van Hauts og Stratmann, 1969, rit á þýsku) sem lýst er í (Friðrik Pálmason et al., 1985) visnuðu blaðbroddar ýmissa grastegunda lítið eitt þegar flúormagn í grasi var 282-582 ppm F í þurrefni en áhrif á grasvöxt voru lítil sem engin. Í tilrauninni kom fram að eitrunaráhrif eru mismunandi eftir plöntutegundum og bitna mjög á sumum tegundum, eins og græn fóðurhöfrum og rauðsmára á meðan lítil einkenni og áhrif koma fram á vallarfoxgrasi og hvítsmára. Einnig virtist mun minna af flúor finnast í vallarfoxgrasi og axhnoðapunti en í öðrum grastegundum, eins og hávingli og rýgresi í mengunartilraunum (Friðrik Pálmason et al., 1985). Upptaka plantna á flúor úr jarðvegi virðist ekki vera tengd magni flúors í jarðveginum heldur veltur það á jarðvegsgerð, pH, lífrænu efni og magni Ca og P í jarðveginum (Cronin et al., 2000).

Styrkur flúors:

Eðlilegt magn flúors í plöntum er á bilinu 2-20 ppm flúors (Friðrik Pálmason et al., 1985). Samkvæmt norskum stöðlum eru þolmörk gróðurs gagnvart gaskenndum flúor, miðað við langtímaáhrif, fyrir fléttur, mosa og barrtré $>0,3 \mu\text{g}/\text{m}^3$, lauftré $>0,4 \mu\text{g}/\text{m}^3$, og grös $>2-3 \mu\text{g}/\text{m}^3$ ((Ongstad, Stoll, & Aasland, 1994) vitnað til í (Hönnun, 2003)). Eðlilegur styrkur flúors í a) grænmeti er 0,3-10 ppm F, b) kartöflum er allt að 22 ppm og c) rófum <40 ppm, en yfir því magni fara að sjást skemmdir á blöðum þeirra (Sturla Friðriksson, 1971). Eðlilegt magn í grasi og smára virðist vera 1-13 eða jafnvel 10-30 ppm og margar grastegundir þola flúor vel (Sturla Friðriksson, 1971). Eðlilegt flúormagn í barrtrjám er talið 2,4-6,3 ppm en skemmdir koma fram við 15-20 ppm af flúor í barrnálam á fyrsta ári hjá rauðgreni (Sturla Friðriksson, 1971).

Tafla 1: Flokkun plantna eftir næmni þeirra fyrir flúor í umhverfinu.

Mjög næmar/næmar plöntur eða plöntuhlutar	Miðlungsnæmar plöntur	Lítt næmar eða ónæmar	Heimild
Ungar furunálar Ungar byggplöntur Bláber Hélunjóli Haugarif	Hafrar (ungar pl.) Þroskað bygg Smárattegundir Blæösp Víðitegundir Tómataplöntur Fjólutegundir	Birkitegundir Ribstegundir Kartöflur Káltegundir Gulrætur	(Friðrik Pálmason et al., 1985)
Gladíolur Poinsettia Begóníur Gerbera Dagljiljur Páskaljiljur	Nellikur	Riddarastjarna Krísur Gloxínía	(Friðrik Pálmason et al., 1985)
Grastegundir (<i>Graminaceae</i>) Súrur (<i>Polygonacea</i>) Beiki (<i>Carpinus betulus</i>) Iris (<i>Iris germanica</i>) Axhnoðapuntur (<i>Dactylis glomerata</i>)		Varablóm (<i>Labiatae</i>) Körfublóm (<i>Compositae</i>) Ertublóm (<i>Papilionaceae</i>) Krossblóm (<i>Cruciferae</i>) Sveipjurtir (<i>Umbelliferae</i>)	(Friðrik Pálmason et al., 1985)
Gladiolur Ungar furunálar (<i>Pinus sp</i>) Túlípanar Lerki (<i>Larix sp</i>) Perikum (<i>Hypericum sp</i>) Maís Sorghum Milokorn Jarðaber			(Friðrik Pálmason et al., 1985)
Hvítmosi	Polytrichum		(Paterson & Kenworthy, 1981)

Nokkrar staðreyndir um mismunandi næmni plantna við flúor: 1) Tegundir af liljuætt (túlípanar, fresíur ofl.) eru mjög næmar fyrir flúor. Gladíolur hafa oft verið notaðar til þess að fylgjast með loftgæðum. 2) Mörg barrtré, Douglas greni og lerki eru mjög næm fyrir flúormengun meðan nálarnar eru í vexti, en eftir það eru þau miðlungsnæm eða þolin. 3) breiðblaða trjategundir eins og hlynur, eik, beyki, birki og linditré eru miðlungsnæmar eða fremur þolinar fyrir flúormengun. 4) Skrauttré og runnar eins og hagþorn, kínerskur álmur o.fl. eru í meðallagi þolin eða þolin. 5) Ýmsar tegundir grænmetis og nytjajurta (tómatar, baunir, salat, belgjurtir og kornategundir) eru í meðallagi næmar til þolnar. 6) Mörg aldirtré og berjarunnar eru næm (t.d. bláber) en aðrar tegundir eru miðlungi næmar til þolnar (brómber, epli og perur) (Weinstein 1977, vitnað til í (Friðrik Pálmason et al., 1985)).

Fundist hefur jákvætt samband milli þurrkþols plantna og þols gagnvart loftmengun þannig að t.d. grenitré sem eru þurrkþolin virðast þola flúormengun betur en þau tré sem ekki þola mikinn þurrk (Rohmeder og Schönborn, 1965, tilvitnun hjá Weinstein, og Mc Cune 1979, í (Friðrik Pálmason et al., 1985)). Með auknum lofthita og loftraka virðast skemmdir af völdum flúors fara vaxandi (Weinstein

og Cune 1979 í (Friðrik Pálmason et al., 1985)). Flúor getur bundist kalsíum og öðrum jákvætt hlöðnum jónum eins og magnium og mangan í plöntum (Friðrik Pálmason et al., 1985)

Samkvæmt því sem Sturla Friðriksson og félagar í flúormarkanevnd Iðnaðarráðuneytisins halda fram eru birki, hlynur, beiki og linditré talin frekar viðkvæm fyrir flúoráhrifum en víðir, elri og eik talin tiltölulega harðgerð gagnvart flúor (Sturla Friðriksson, 1971) sem er ekki alveg í takt við það sem sagt er í (Friðrik Pálmason et al., 1985) sjá töflu 1.

Flúormengun sökum eldgosa:

Eftir Heimaeyjargosið 1973 bar nokkuð á flúorskemmdum á barrtrjám og mosa í sveitum á Suðurlandi (Skammdalshóli) en flúormagnið var orðið eðlilegt um 2 mánuðum eftir að fyrstu flúormengunar gætti (Sturla Friðriksson, 1981). Einnig komu fram skemmdir á barrnálum trjáa, tæpum mánuði eftir að gosið í Heimaey hófst. Í gróðursýnum frá Kerlingafjöllum sem tekin voru á fyrstu dögum eldgossins í Heklu 1980 mældist magn flúors um 1000 ppm og á Hveravöllum mældist magnið 600 ppm (Sturla Friðriksson, 1981). Þar sem gosið hófst eftir að meirihluta vaxtartíma plantnanna var lokið var sennilega lítið af flúor tekinn upp af blöðum plantnanna en breið og loðin blöð reyndust hafa mest flúormagn vegna þess að mikil aska loddi við yfirborð þeirra (Sturla Friðriksson, 1981). Í kjölfar eldgossins í Heimaey, 1973 sýndu ungar rauðgreniplöntur meiri barrskemmdir en sitkagreni en úttekt var gerð í Mýrdal (Einar H Einarsson, 1974). Áhrif á ýmsar plöntutegundir voru metnar í þessari rannsókn á sjónrænan hátt en ekki með vísindalegum mælingum.

Flúormengun sökum álvera:

Rannsóknir í kjölfar byggingar álversins í Straumsvík gáfu til kynna að a) skemmdir koma helst fram á hæðum í umhverfinu, t.d. á klettum, dröngum, hæðum eða á trjám, en síður á flatlendi, b) skemmdir koma helst fram á þeirri hlið kletta, hæða eða trjáa sem snýr að álverinu og er áveðurs fyrir vinda þaðan, c) skemmdir koma mest fram í stefnu ríkjandi vindáttar frá verinu, d) skemmdir koma helst fram á mosum og fléttum, þ.e. gróðri sem tekur vatn og næringarefni úr loftinu en ekki jarðveginum og safnar upp mengunarefnum ár frá ári og loks e) einstakar tegundir mosa, fléttna og blómplantna svara áhrifum loftmengunar á mjög mismunandi vegu og því er tilgangslítið að taka til samanburðar mælingar á grasi, mosum eða fléttum ef ekki er fullljóst að um sambærilegar tegundir sé að ræða (Hörður Kristinsson, 1998). Nálægt álverum, þar sem stöðug flúorákoma getur verið getur þetta magn þó verið þó nokkuð í jarðvegi og ber því að taka með í reikninginn (Lavelle & Spain, 2005).

8. Áhrif flúors á dýr

Flúor finnst ávallt í einhverju magni í fóðri grasbíta og er því tekinn upp í líkamann. Ef flúormagn fer upp fyrir ákveðin þolmörk hefur líkaminn ekki undan að losa sig við þetta aukna flúormagn en alla jafna er því skilað út úr líkamanum með þvagi, svita og saur. Þolmörk dýra eru oft háð breytilegum þáttum eins og aldri, fóðri, nyt og burðartíma skepnunnar (Páll A Pálsson, 1995).

Sjúkdómar í búfé í kjölfar eldgosa hafa lengi verið þekktir hérlendis. Fyrstu lýsingar á eitrunum í búfé vegna gosösku voru skráðar í annálum frá 1694. Einkennum í búfé var lýst (Oddur Eiríksson - Fitjaannáll og Benedikt Pétursson-Hestannáll) og þau tengd öskufalli úr Heklugosi sem varð 1693. Þar er tannskemmdum í ungu sauðfé, nautgripum og hrossum lýst en í dag vitum við að þessar skemmdir stafa af flúormagni í eldfjallaösku. Tannskemmdum í búpeningi var einnig lýst ítarlega eftir gosið í Lakagígum 1783 og var þá fyrst minnst á misslit í jöklum, en það var nefnt gaddur (Magnús Stephensen og Hannes Finnsson). Í kjölfar Heklugossins 1845 var svo fleiri eitrunareinkennum lýst,

þ.m.t. breytingum á beinum, en síðar var sýnt fram á að flúor væri orsakavaldur þessara breytinga á beinunum með efnagreiningu en það var gert með því að framkalla svipuð einkenni í beinvexti með því að fódra fé á heyi viðbættu NaF (Guðmundur Georgsson et al., 1981). Í kjölfar Heklugossins 1947 var í fyrsta sinn mögulegt að mæla flúormagn í gosösku, vatni og gróðri. Þá fundust einkenni langvinnrar flúoreitrunar í sauðfé á bæjum í grennd við Heklu og tókst þá Birni Sigurðssyni og Páli Pálssyni að sýna fram á að orsakavaldurinn var í öskunni. Viðmiðanir sem hafa verið notaðar hér á landi er varðar uppsafnaðan flúor í sauðfé eru í raun staðlar fyrir dádýr í Noregi og hefur þetta verið heimfært og notað töluvert. Tölurnar eru fengnar úr Ongstad et al 1994 (Hönnun, 2003). Samkvæmt norskum stöðlum eru þolmörk búfjár gagnvart flúor í fæðu, 40 µg/g fyrir kálfa, ≤30 µg/g fyrir mjólkurkúr og 30-50 µg/g fyrir sauðfé og geitur (Hönnun, 2003). Jórturdýr eru talin viðkvæmst fyrir flúoreitrun og eru lægstu þolmörk fyrir nautgripi um 25-30 ppm í þurrefni fóðurs en þó er algengt að mörkin séu sett við 30-50 ppm (Sturla Friðriksson, 1971)

Tannskemmdir af völdum flúoreitrunar hafa verið flokkaðar í 5 flokka (National Research Council (US). Committee on Animal Nutrition. Subcommittee on Fluorosis., 1974).

1. Eðlilegt (e. Normal): mjúk áferð, hálfgegnsær, hvítleitur glerungur, eðlilegt lag á tönnum
2. Hugsanlegt (e. Questionable Effect): lítilsháttar frávik frá eðlilegu, ekki greinileg orsök, gæti haft bletti á glerungnum en ekki blettóttur
3. Lítið (e. Slight Effect): örlítið af blettum á glerung, tennur gætu verið blettóttar en ekki meira eyddar en venjulega
4. Miðlungs (e. Moderate Effect): greinilega blettóttar, stór hluti kalkaður glerungur eða blettif yfir heildar tennur, tennur meira eyddar en venjulegt geti talist.
5. Greinileg (e. Marked Effect): greinilega blettóttar, vanþroski vefja, kölkun tanna, holóttur glerungur, mikið eyddar.
6. Alvarleg (e. Severe Effect): greinilega blettóttar, vanþroski vefja, kölkun tanna, holóttur glerungur, mikið eyddar og geta verið aflitaðar.

Það sem hefur áhrif á flúorþol búfjár (Friðrik Pálmason et al., 1985)

1. Form flúors í fóðri: Natríumflúoríð er auðleyst og mjög virkt form flúors en algengasti flúorgjafi í fóðri nautgripa eru fóðursölt, þar sem flúorinn er í tengslum við fosföt.
2. Mótverkandi sölt: Kalk dregur úr áhrifum flúors til tannskemmda. Álsúlfat dregur úr flúorsöfnun í beinum, er þó ekki talið vænleg lausn þar sem álsölt draga úr nýtingu fosfórs í fóðri.
3. Næringarástand gripa, tengsl við flúor eru óljós.
4. Sveiflur í flúormagni: sveiflur í flúormagni í fóðri hafa meiri áhrif en ef flúormagnið í fóðrinu er jafnt allan tímann.
5. Aldur gripa: Þolmörk eru yfirleitt miðuð við lífstíð. Því eru þolmörk fyrir sláturlömb og alikálfa hærri en fyrir ásetningsgripi til undaneldis og mjólkurkúr.
6. Ættgengir eiginleikar: Ættstofnar með mikinn vaxtarhraða þola minni flúorstyrk í fóðri en seinvaxnari gripir.

Tafla 2: Þolmörk búfjár gagnvart flúor í fóðri (Suttie, 1983)

Búfénaður	Þrif, ppm F	Mörk fyrir einkenni
Ungnaut og kvígur	40	30
Mjólkurkýr og naut	50	40
Eldiskálfar	100	
Sláturlömb	150	
Ær	60	
Hross	60	40
Sláturgrísir	150	
Gyltur	150	
Eldiskjúklingar	300	
Varphænur	400	

9. Rannsóknir á flúor

9.1. Fléttur:

Mælingar voru gerðar á magni flúors á klapparsamfélögum í námunda við álverið á Grundartanga (Starrí Heiðmarsson & Hörður Kristinsson, 2007). Í rannsókninni kom fram að magn flúors var töluvert hærra í grennd við iðnaðarsvæðið heldur en á viðmiðunarsvæðinu og var mestur flúor um 213 ppm sem mældist í snepaskóf (flétta) í 1 km fjarlægð frá iðnaðarsvæðinu og hafði magnið aukist til muna á 3 árum (frá fyrri rannsóknum).

9.2. Mosi:

Um og eftir 1980 var fylgst með hvort sýnilegar skemmdir væru á gróðri í kringum álverið í Straumsvík og sáust þá vægar skemmdir sem lýstu sér í því að hraungambri sviðnaði og varð svartur á þeirri hlið sem snéri að álverinu (Hörður Kristinsson, 1998). Greinilegt er að mosar og fléttur eru viðkvæmari fyrir flúormengun en annar gróður og algengt er að háplöntur eins og krækilyng taki yfir þar sem mosinn hefur sviðnað og er að víkja. Mikill munur var á þekju krækilyngs í 300 m og 2 km fjarlægð frá álverinu (Hörður Kristinsson, 1998).

Flúorþol virðist tengt frumuveggjum eða frumuhimnum mosa þar sem þolnar mosategundir safna flúor í frumuveggi í meiri mæli en óþolnar/næmar en í henni urðu frumuhimnu lekar og kalíum streymdi út úr frumunum (Friðrik Pálmason et al., 1985)

9.3. Gras, hey:

